

eiginlegrar ilöngunar! Hvað þarft þú að óttast? Aldrei verður þú drykkjumaður!!! „Það er ómögulegt“!!! Þú finnur það vel!!! Þig langar aldrei í vín! Þjer þykir auk þessa ljótt að drekka, nema rjett að bragða vín, það hlýtur að vera saklaust!!! — Já, saklaust! Þig væri ómögulegt að sannfæra um að slíkt væri ekki saklaust! En leyfðu mér aðeins að segja: Þannig hafa ekki aðeins allir svonefndir hófsmenn, heldur og allir ofdrykkjumenn og drykkjurútar talað af heilum huga, meðan þeir voru á þínu núlega fyrsta stigi, er þú kallar sakleysi. Og vera má þú verðir aldrei ofdrykkjumaður, en — vera má og þú verðir það. Eða, ertu viss um þú sjert fyrir þeim, sem vínfreistarinn gjörði að þræl sínum? Hvað veizt þú, nema þin verði freistað ógurlega? Hvert þú kannt að flækjast? Í hvaða fjelagi þú kannt að lenda? Væri það þá nokkuð óviturt, að láta afdrif og ófarsæld ofdrykkjumannsins kenna sjer að segja í tíma, já, þegar í upphafi, í æsku: „Vík frá mér satan. Jeg vil taka fyrir mig að bragða engan áfengan drykk, þá get jeg aldrei orðið drykkjumaður, að öðrum kosti er jeg ekki viss“? Þessa vizku kemir reynslan, þekkingin á mannsveikleikanum og táli vinsins. Og betra er að hafa þeim sin heil, en brotin illa.

Margur drykkjumaður hefði viljað gefa mikið, **óútségjanlega** mikið til þess, að hann hefði tekið upp þessa reglu, þegar á þessu fyrsta stigi og að hann hefði hlaupið yfir bæði hin stigin og farið á hið fjórða, sem þó að öðru leyti er rangt að kalla hið fjórða, þar sem það raunar er hið fyrsta og hið síðasta meðal eða hlutur, til þess að drepa eða brenna vingaldrarann. Margur drykkjumaður hefði viljað gefa ólýsanlega mikið til, að hann hefði slitið sig frá hinu ímyndada sakleysi, að minnsta kosti frá hófinu og farið alveg úr ríki vintöfrarans í ríki bindindinnar\*, sem er drotning sú, er ein fær gjöreytt veðdi hins öfluga vindjöfuls. En í stað þess að hefja sig hátt og gjöra stökk, þá gekk hann hægt og makindalega eða þá meir eða minna varlega áfram og sá hann enga hættu við það, að verða samferða öðrum til kunningja og vina dálítill lengra; að neita sjer um það var bæði ófjelagslegt og ófrjálslegt!!! Hann fór að finna að vinið var þægilegt og gott (girnilegt til fróðleiks o: gáfnaglæðingar líkams eða sálar), girnilegt til hressingar, hann fór að finna smámsaman hita og il í líkamnum, sem lagði út í limina, hann fann sjer og heilsubót í sumum tilfellum að bragða gott vínglas, en aldrei sást hann kenndur, varla eða ekki hreifur. En hann var, á stuttum eða löngum tíma kominn á:

Hið annað stig, á hinn annan áfanga, eða hvað vjer eigum að kalla það, þess vegar, sem liggur til vintöfrarans. (Framh. síðar).

**Fjárkláðinn.** (Niðrslag). „Þjóðólfr“ og nú síðast „Norðlingr“ hafa annars haft greinir að færa, er lýsa óánægju nokkurra manna á kláðasvæðinu yfir aðgjörðum lögreglustjórans. Þykir þeim svo, sem hann gangi of ríkt að með grunsemi sína um kláða og leggi fyrir ráðstafanir framur en brýna þörf beri til. — Sumir þessara manna eru nú bæði merkismenn og greindir menn, hvort sem það nú sannast á þeim eða ekki, að „blindr sé hver í sjálfs síns sök“, þar sem kláðinn og kindr þeirra eru öðru megin.

Vér viljum eigi blanda oss í þetta mál. Vér viljum aðeins segja það, að 2 dögum áður maurakláðinn fanst á kindinni í Mosfellssveit, hafði sóknarprestrinn sagt lög-

reglustjóra, að nú væri hann og allir sveitungar hans vissir um, að enginum kláði væri lengr í sveitinni. Prestrinn er enginn skrökmaðr og vill víst eins einlæglega og nokkur annar að kláðanum væri af létt; en þetta sýnir, að hæpið getr verið að trúna því alt of vel, þó sveitarmenn vilji bera af sér allan kláða-grun.

Og skyldi það vera, sem oss er ókunnugt um, að lögreglustjórinn væri heldr of grunsamr við menn um kláða, en hitt, þá er auðséð, að það er háskaminnna, heldr en ef hann væri of linr og auðtrúa.

Oss þykir mjög varhugavert fyrir blöðin, að styðja mótspyrnu móti ráðstöfunum lögreglustjórans, og munum vér fyrir vort leyti eigi fylla þann flokk, og vildum helst láta málið hlutlaust af vorri hálfu.

Vér vonum að þingið athugi það vel í sumar, að sá kostnaðr, er risi af því að fylgja fram tillögum lögreglustjóra, yrði þó ætíð svipull móti því, sem það kostar, ef kláðanum er slept nú ókyrktum, svo hann nái aftr lífi.

### Skólastofnun á Eskifirði.

Það var þjóðhátíðar-árið 1874, að fyrst mun hafa verið gjört nokkuð til þess, að fyrirbúa skóla-stofnun hér á Eskifirði. Söfnuðust þegar nokkur samskot í þeim tilgangi á sjálfri þjóðhátíðinni og var nefnd kosin til að halda fram að safna fé til fyrirtækisins og að öðru leyti undirbúa það á hvern hátt. —

Nefndin hefir starfað að þessu í kyrrþey og umizt nokkuð á. Á síðasta mannfundi, sem verið hefir hér á Eskifirði, n. l. 16. f. m. þá er hér var haldið bæði manntalsþing og hreppamót, leitaði nefndin (sem átti fund með sér um daginn) enn af nýju samskota og hafði það ein nokkurn árangr, svo að nú hafa um 1800 Kr. safnast til fyrirtækis þessa, og eru framt að 1000 Kr. borgaðar, en hitt í áreiðanlegum lofordum, sem að talsverðu leyti munu verða inn leyst í sumar og haust.

Það var víst og er tilgangrinn að stofna barnaskóla, og byggja skólahús fyrir fæð. En vér teljum það sjálfsagt, að komist skóli hér á, sem hafi sitt eigið hús, þá muni fenginn til kennari svo lagaðr, að það geti að minsta kosti fengizt gefinn kostr á nokkurri frekari kenslu, en beinni ungbarna-kenslu, svo að t. d. eldri unglingar gætu fengið ýmsa tilsögn, er þeir kynni að æskja; með öðrum orðum: vér teljum víst að þörf tímans krefji, um það skólinn kemst á, að hann verði gjörðr að barna- og alþýðu-skóla. — En hvað um það (— og þessu verðr ugglaut hagað eftir því, sem tíðarandinn og þörf manna kallar eftir, þegar þar að kemr) — hversu sem um það fer, þá er brýn nauðsyn, ef nokkuð á úr að verða, að meira fé náist inn, og það talsvert meira. Enda berum vér engan sérlegan kvíðboga fyrir, að það muni eigi takast; nefndin mun eigi spara að gjöra sitt til, og sú rausn, sem einstakir menn hafa þegar sýnt í tillögum sínum, gjörir það meir en líklegt, að almennigr láti áskoranir nefndarinnar fá annað svar, en tómt bergmál úr fjallaklettunum.

Að minsta kosti um sinn, meðan ekki er svo mikið sem tilhugsun um nokkra skólastofnun hér í nærsveitunum, mætti þykja líklegt, að þeim sveitum mundi verða það til, að nota skóla þennan að meira eða minna leyti (og það sýnist því líklegra, ef þess er gætt, að sú privatkenska, sem kostr hefir verið á hér, hefir verið notuð eigi síðr af utansveitar mönnum en innansveitar); og oss er kunnugt, að það er tilgangrinn að gefa öðrum sveitum kost á að færa sér skólann í nyt að tiltölu, ef þær vilja leggja nokkuð til hans. Vonum vér að þær gjöri það, og gjöri það sem bráðlegast.

Það var nú afráðið á síðasta fundi nefndarinnar, að

\*) Bindindi, hvorugt kyn, er hugmyndin. Bindindi, kvennkyn, er persónuhugmynd, eða persónugjörð (personificatio).